

Reykjavíkurborg
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
30. sep. 2011 10.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. september 2011
Tilvísun: UST20110700046/ksj

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030. Endurskoðun aðalskipulags 2001 - 2024. Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats. Umsögn

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar er barst 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um *verkefnislýsingu skipulags* varðandi endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030.

Helstu áherslur og breytingar í nýju aðalskipulagi

Nýtt aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 hefur verið í vinnslu í nokkur ár. Megin breytingin, efnislega séð felst í aukinni áherslu á þéttingu byggðar og þar með breytta forgangsröðun svæða. Einnig hefur verið ítarlegra samráð við íbúa borgarinnar.

Umhverfisstofnun tekur undir markmið endurskoðunar, sem eru talin upp sem leiðarljós, ekki síst markmiðin um að: „*Að stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri þróun byggðar,*“ og að „*Vistvænar samgöngur verði eflaðar*“.

Helstu viðfangsefni endurskoðunar

Í umfjöllun um helstu viðfangsefni endurskoðunar kemur fram að stefna um landnotkun er til skoðunar á stórum hluta svæða Reykjavík. Til endurskoðunar eru m.a. stefna um umfang og staðsetningu landfyllinga við Eiðsgranda/Örfirisey. Ekki kemur fram hvort stefnt sé að aukinni landfyllingu á svæðinu, en Umhverfisstofnun vill benda á að varðandi landfyllingu þarf að taka tillit til laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, en þar kemur fram að varp efna og hluta í hafíð er óheimil nema það sem fellur undir 9.gr ofangreindra laga. Umhverfisstofnun bendir á að skv. i. mgr. 10. gr. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, eru landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri er framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum skv. ofangreindum lögum.


Í umfjölluninni kemur einnig fram að til skoðunar eru nánari ákvæði um þróun svæðisins

Vatnsmýri – Reykjavíkurflugvöllur, og að skilgreining gatna í og við Vatnsmýrina séu til endurskoðunar. Umhverfisstofnun bendir á að Tjörnin og Vatnsmýrin, Reykjavík er svæði nr. 120 á náttúruvinnjaskrá, en í skránni segir: „Tjarnir allar með hólum og bökkum. Vatnsmýrin milli Hringbrautar, Norræna hússins og Háskólavallar, sem nú er bílastæði. Mikið fuglalíf, varpland í miðri borg. Vinsælt útivistarsvæði.“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vatnsbúskapur tjarnarinnar verði hafður í huga við þróun svæðisins og að votlendi Vatnsmýrarinnar sem enn er óraskað verði hlíft. Í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd kemur fram að mýrar og flóar 3 hektarar að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur afar mikilvægt að við endurskoðun um þróun svæðisins Vatnsmýri - Reykjavíkurflugvöllur verði þess gætt að ekki komi til neikvæðra áhrifa á grunnvatnsstreymi svæðisins.

Samkvæmt umsögn Náttúruverndar ríkisins, nú Umhverfisstofnunar um deiliskipulag fyrir Háskóla Íslands - breyting á svæði austan Oddagötu, frá 22. febrúar 2002, var sú kvöð á lóð merkt A-F á deiliskipulagsupprætti að á svæðinu yrði komið upp sérstöku vöktunarkerfi byggingarreitum bílageymslna til að fylgjast með áhrifum framkvæmda á grunnvatn, að ósk Náttúruverndar ríkisins. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ofangreint vöktunarkerfi og niðurstöður þess verði skoðaðar nú þegar þróun Vatnsmýrarinnar er til athugunar.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir

Skipulagsstofnun